

Söluakerfið í Noona HQ

Síðast uppfært 25/06/2026 10:58 am BST

Með söluakerfi Noona HQ getur þú verið með allan reksturinn á einum stað! Þú getur nýtt þér söluakerfið til þess að afgreiða tíma, selja gjafabréf og klippikort og selja vörur. Kaupsaga viðskiptavina gefur þér síðan tækifæri til þess að bjóða upp á enn persónulegri þjónustu.

Það eina sem þú þarft til þess að nýta þér söluakerfið er tæki þar sem hægt er að opna Noona HQ - einföld tölva eða jafn vel síminn þinn dugar og þú getur loksins kvatt sjóðsvélina.


Nokkrir af helstu kostum söluakerfisins sem verður farið betur yfir í þessari hjálparegin eru:

- **Fljótleg afgreiðsla**, því Noona rekstrarkerfið veit nú þegar hvaða viðskiptavinur var hjá hvaða starfsmanni, í hvaða þjónustu og hvað hún kosta.
- **Kerfið man hvað hver viðskiptavinur keypti og segir frá því við afgreiðslu**. Hvaða vörur kúnninn hefur keypt, hvaða þjónustu, hvort hann fékk afslátt síðast o.s.frv.
- Söluakerfið höndlar útgáfu reikninga og tekjuskráningu fyrir **fleiri en einn útgefanda** á sama aðgangi. Þannig getur þjónustufyrirtæki, sem hefur verktaka sem leigja aðstöðu hjá sér, leyft þeim að halda utan um sölna sína í skilvirkum söluakerfi og skrá tekjurnar sínar á löglegan máta.
- **Uppgjör og bókhald** ætti að einfaldast með því að nota söluakerfið. Með skýrslum sem hægt er að draga út úr kerfinu, fyrir það tímabil sem óskað er, er þægilegt að koma upplýsingum áfram á bókarann um sölna á því tímabili. Það er því ekki nauðsynlegt að gera upp hvern einasta dag og skutla uppgjörum til bókhaldsins, heldur gerir Noona söluakerfið það einfalt að senda bókarannum skýrslu um alla sölna fyrir ákveðið tímabil.
- **Beintenging við greiðsluposa hjá Teya**. Hægt er að setja greiðslu af stað í gegnum hvaða tæki sem er, svo lengi sem tækið er netengt og getur opnað Noona HQ. Þess vegna hægt að setja greiðslu í posann með símanum. Hægt að tengja fleiri en einn posa við mismunandi útgefendur/kennitölur.

Afgreiða tíma


Það eina sem að þú þarft að gera til þess að afgreiða tíma er að smella á bókunina → velja Afgreiða → Athuga hvort verið sé rétt og jafnvel bæta við vöru → smella á Greiða → velja greiðslumáta og þá er allt komið! [?](#)

Ef þú vilt sjá reikninginn strax getur þú svo smellt á "Klára sölu".



Eftir að reikningurinn er kominn er einnig hægt að velja "Bóka aftur" til þess að afrita tímann og finna næsta tíma með viðskiptavininum.

Afgreiddir tímar fá lítið hvítt v-merki efst í hægra hornið til þess að auðvelt sé að sjá hvaða tímar hafa verið afgreiddir og hverjir ekki með því að horfa á dagatalið.



Sölusaga viðskiptavina

Þar sem að afgreiddir tímar eru alltaf tengdir við viðskiptavini getur þú séð vörur sem að viðkomandi hefur keypt áður um leið og þú afgreiðir tímann.

Söluýfirlit

bíma × + Nýr reikningur

Dömuklipping 12.000 ISK ×

MAGN	VERÐ	AFSLÁTTUR	STARFSMAÐUR
1	ISK 12.000	%	Bíma

Samtals án VSK 9.677 ISK
Samtals með VSK 12.000 ISK

Eftirstöðvar 12.000 ISK

Vöruskil ↶

Sara Jónsdóttir Kaupsaga

Vörur Þjónustur Gjafabréf Q Leitaðu...

Sara Jónsdóttir hefur keypt áður

- H Hárnæring +
- S Sjampó +

Óflokkað
2 vörur

Greiða 12.000 ISK >

Einnig er hægt að sjá hvaða þjónustur viðskiptavinurinn hefur keypt áður, hjá hvaða starfsmanni, hvaða dag og hvaða verð var greitt. En það er gert með því að velja tímabókunina → Afgreiða → 'Kaupsaga' efst í hægra horninu

Söluýfirlit

bíma × + Nýr reikningur

Dömuklipping 12.000 ISK ×

MAGN	VERÐ	AFSLÁTTUR	STARFSMAÐUR
1	ISK 12.000	%	Bíma

Samtals án VSK 9.677 ISK
Samtals með VSK 12.000 ISK

Eftirstöðvar 12.000 ISK

Vöruskil ↶

Sara Jónsdóttir **Kaupsaga**


Vörur Þjónustur Gjafabréf Q Leitaðu...

Sara Jónsdóttir hefur keypt áður

- H Hárnæring +
- S Sjampó +


Óflokkað
2 vörur

Greiða 12.000 ISK >



Senda kvittanir

Það er hægt að senda kvittanir úr sölukerfinu beint á netfang viðskiptavina. Það er gert með því að klára sölu → smella á **Senda kvittun** → ef að viðskiptavinurinn er nú þegar með netfang skráð mun það netfang hoppa sjálfkrafa upp en annars kemur upp tómur reitur sem að þú getur skrifað netfangið inn í og smellt svo á **Senda**?




Búa til nýja sölu

Þegar að viðskiptavinir sem að hafa ekki átt tíma koma til þín og vilja kaupa vöru er best að velja bláa "Ný sala" takkann í hægra horninu → Veldu réttan útgefanda ef það eru fleiri en einn → Þú getur leitað eftir vörum, valið þær af listanum eða skannað þær inn með barkóða → **Greiða** → Velja **greiðslumáta** → **Klára sölu** ?


Ný sala

Ef á söluinni er lítil leitarstika þar sem hægt er að leita að viðskiptavinum. Það getur verið sérstaklega sniðugt að nýta sér hana þar til þess að salan fari inn í kaupsögu viðskiptavinarins, en þetta gerist sjálfkrafa þegar að tímar eru afgreiddir af dagatalinu.



Reikningar

Undir **Sala** → **Reikningar** er hægt að finna alla reikninga. Hér er t.d. hægt að velja tímabil, útgefanda, starfsmann og leita eftir viðskiptavinum eða upphæð.



Reikningar

22. jún 2026 - 28. jún 2026
Stofnað innan dagsetninga

Ítarleg leit
Sækja yfirlit

Leitaðu...

NÚMÉR	ÚTGEFANDI	STARFSMADUR	CREATED	KLÁRA	VIÐSKIPTAVINUR
52	birna	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 15:01	Þri, 23. jún 2026 · 15:01	Sara Jónsdóttir
1	Noona Neglur	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:55	Þri, 23. jún 2026 · 15:00	-
51	birna	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:46	Þri, 23. jún 2026 · 14:46	Sara Jónsdóttir
50	birna	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:42	Þri, 23. jún 2026 · 14:42	Sara Jónsdóttir

Ný sala

Með því að smella á reikninginn er hægt að ógilda hann ef að mistök voru gerð, endurgreiða, bæta við skýringu eða senda kvittunina áfram.

Sala

Yfirlit
Reikningar
Vörulisti
Skýrslur
Gjafabréf
Stillingar gjafabréfa
Netgreiðslur

Stofnað innan dagsetninga

Sækja yfirlit

Leitaðu...

NÚMÉR	ÚTGEFANDI	STARFSMADUR	CREATED	KLÁRA	VIÐSKIPTAVINUR
1	Noona Neglur	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:55	Þri, 23. jún 2026 · 15:00	-
51	birna	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:46	Þri, 23. jún 2026 · 14:46	Sara Jónsdóttir
50	birna	Birna	Þri, 23. jún 2026 · 14:42	Þri, 23. jún 2026 · 14:42	Sara Jónsdóttir


Ný sala

Vörur

Til þess að byrja að nýta sér sölukerfið er best að setja inn allar vörurnar í vörulistann.

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef þú átt nú þegar vörulistann á .csv, .tsv eða .txt skrá og þá getum við skellt honum inn fyrir þig 😊


Annars er best að byrja á því að fara í **Sala** → **Vörulisti** → Smella á bláa "**Bæta við**" takkann í hægra horninu og setja inn yfirlökka (oftast vörumerkið) og vörur.



Yfirflokkar: hægt er að setja lit og nafn á hvern vöruflokk til þess að auðvelda vöruleitina

Vörur: þú setur inn nafn, verð og vsk prósentu fyrir allar vörur. Einnig er hægt að velja yfirflokk og setja inn strikamerki ef að það á við.

Ný vara ×



Mynd
1:1 hlutföll koma best út

Heiti vöru

Lýsing (valkvæmt) Bæta við >

Yfirflokkar Ekkert valið >

Stykkjaverð (með VSK) VSK %

ISK 0 24% ▾

Birgðastaða − 0 +

Strikamerki

Bókhaldsnúmer

Vista ↻

Vöruskanni og barkóði

Ef að vöruskanni er tengdur við tölvuna þar sem Noona HQ er opið er gott að velja vöruna á vörulistanum → smella á **Strikamerki** → skanna barkóðann á vörunni → **Vista**

Ef að strikamerki hefur verið tengt við vöru er hægt að skanna vörunar inn þegar að verið að afgreiða tíma eða búa til nýja sölu og þær hoppa sjálfkrafa inn á reikninginn.



Hægt er að nota hvaða vöruskanna sem er, svo lengi sem hægt sé að tengja hann við tölvuna.

Birgðakerfi

Sölukerfið er beintengt birgðakerfi sem gefur þér aukna yfirsýn yfir vörusöluna hjá þér.

Fjöldabreyting

Fjöldabreyting er virkni sem gerir þér kleift að breyta verði, lagerstöðu eða setja inn strikamerki á fljótlegan hátt. Þú finnur þessa virkni með því að fara inn í vörulistann -> fjöldabreyting uppi í hægra horninu.



Skýrslur

Undir **Sala** → **Skýrslur** er hægt að finna mismunandi skýrslur. Mest notuðu skýrslurnar eru **Sala eftir starfsmönnum** og **Sala eftir greiðsluleiðum**

Þegar að tegund skýrslu hefur verið valin er því næst hægt að velja yfir hvaða tímabil maður vill skoða söluna. Einnig er hægt að nýta sér **ítarlega leit** til þess að velja t.d. útgefanda eða starfsmann


Hægt er að hlaða niður öllum skýrslum ef að þú ert með Noona HQ opið í vafra (t.d. chrome eða safari).

Skýrslurnar eru:

- **Sala eftir starfsmönnum:** Sýnir hversu miklar tekjur hver starfsmaður hefur komið inn með, bæði í gegnum

Þjónustur og vörusölu

- **Sala starfsmanns:** Þú byrjar á því að velja ákveðinn starfsmann og getur því næst séð heildartekjur frá þjónustu og vörusölu þess starfsmanns
- **Vörusala:** Hér getur þú séð hverjar vinsælustu vörurnar hafa verið, bæði eftir fjölda seldra eintaka og tekjum. Einnig er hægt að fara í ítarlega leit og velja þar ákveðinn starfsmann, t.d. ef starfsmenn fá prósentu af vörusöluinni
- **Þjónustusala:** Sýnir hverjar vinsælustu þjónusturnar hafa verið, bæði eftir fjölda afgreiddra tíma og tekna
- **Sala eftir greiðsluleiðum:** Sýnir heildartekjur yfir valið tímabil sem hafa komið inn í gegnum hverja og eina greiðsluleið
- **Sala starfsfólks eftir greiðsluleiðum:** Sundurliðun sölu starfsfólks eftir ólíkum greiðsluleiðum.
- **Sala eftir VSK hlutfalli:** Ef þú ert með mismunandi VSK hlutfall t.d. á vörum og þjónustu getur verið gott að nýta sér þessa skýrslu til þess að sjá sölu eftir VSK hlutfalli sem og upphæð með og án VSK
- **Skrópgjöld:** Hér er hægt að sjá greidd skrópgjöld yfir ákveðið tímabil, brotið niður eftir því hjá hvaða starfsmanni bókunin átti að vera
- **Gjafabréf:** Sýnir bæði seld gjafabréf í gegnum Noona appið og í gegnum sölukerfið sjálf
- **Netgreiðslur eftir dagsetningu:** Niðurbrot netgreiðsla eftir dagsetningu
- **Þóknanir:** Sundurliðun starfsmanna þóknana brotið niður á starfsmenn
- **Fyrirframgreiðslur:** Sundurliðun fyrirframgreiðslna eftir starfsmönnum



Tenging við Posa

Hægt er að tengja posa frá **Landsbankanum, Straumi og Teya** við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðslumáta í Noona HQ og reikningurinn merkist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

Ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbúbbbluna ef þú hefur áhuga á því að vera með tengdan posa

?

Bókhaldið

Með Sölukerfi Noona losnar þú við að þurfa að gera upp daglega heldur gerir sölukerfið það einfalt að senda bókaranum skýrslu um alla söluna fyrir ákveðið tímabil. Þú getur einnig gefið bókaranum aðgang að kerfinu og þannig leyft viðkomandi að sækja nauðsynlegar skýrslur þegar þeim hentar.

Bókhaldstenging við Payday

Ef þú ert að nota bókhaldskerfi Payday og sölukerfi Noona þá getur þú nú tengt kerfin saman á einfaldan hátt þannig að salan í Noona flæði beint inn í bókhaldið þitt. Þetta ætti því að geta sparað þér tímann og peninginn sem fer í bókhaldið.

Greiðslulausnir

Noona Paylink:

Greiðslulausn sem gerir þér kleift að rukka viðskiptavini með því að senda rukkun beint í símann þeirra með einum smelli úr sölukerfinu.

Fyrirframgreiðslur / Noona Pay:

Það er ekki nauðsynlegt að vera í áskrift af sölukerfinu til þess að taka við fyrirframgreiðslum í gegnum Noona appið en það auðveldar reikningagerð og bókhaldið töluvert! Heyrðu í okkur ef þú hefur áhuga að vita meira um fyrirframgreiðslur.

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbluna ef eitthverjar spurningar vakna! ?
